

Styrkur úr þróunarsjóði Garðabæjar
Leikur sem kennsluaðferð í Flataskóla

Fanney Ófeigsdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir



Leikur sem kennsluaðferð

Þróunarverkefni 2017 – 2018

Heiti verkefni: Leikur sem kennsluaðferð í Flataskóla

Styrkþegar: Flataskóli

Verkefnisstjórar: Fanney Ófeigsdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir

Áherslupættir

Samskipti

Félagsfærni

Yngsta stig

Leikskólastig

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Nemendur:

Markmiðið er að skapa samfellu milli skólastiga leik- og grunnskólans og þá er sérstaklega horft til þess að nota leik sem kennsluaðferð. Með því að flétta leik inn í nám og líf barna í grunnskóla jafnt sem leikskóla er leitast við að skapa samfellu í skólagöngu barna. Ef umhverfið í grunnskólanum og kennsluaðferðir eru börnunum kunnugleg og þeim gefið færi á að nýta þekkingu sína og reynslu úr leikskólanum eru meiri líkur til þess að skólabyrjunin gangi snurðulaust fyrir sig og börnin aðlagist fyrir.

Ýmsir fræðimenn hafa skoðað tengsl leiks og náms og leiðir til að tengja þessa þætti. Bent hefur verið á að leikur sé mikilvægur hluti af námsferli ungra barna og að leikur og nám séu tvö fyrirbæri sem tengjast innbyrðis. Hlest var notast við sjálfsprottinn leik hvort heldur sem var á valstöðvum eða á fyrirfram ákveðnum stöðvum og einnig var notast við skipulagðan leik.



Kennarar:

Meginmarkmið með verkefninu eru þessi:

- að skapa samfellu milli skólastiga
- að auðvelda upphaf skólagöngu og vekja áhuga
- að tengja leik og nám nemenda

Starf leikskólans og grunnskólans hefur verið nokkuð aðskilið en eftir að Flataskóli tók inn 4 og 5 ára börn hefur skapast tilvalið tækifæri til að auka samvinnu milli þessara skólastiga og gera flutning nemenda frá einu stigi til annars mun auðveldari og aðgengilegri. Með því að bjóða upp á verkefni sem flétta saman og tengja þessi stig þá teljum við að það muni efla

kennara í samvinnu og samþættingu og styrkja innviði skólans um leið með fjölbreytni í skólastarfi. Einnig geta börnin kynnst betur og gömul vinatengsl styrkst sem og ný vinatengsl myndast. Passað er vel upp á að blanda börnunum í hópunum.



Markmiðið er að skapa meira flæði og samgang á milli 5 ára bekkjar og 1. bekkjar í Flataskóla og gera leikinn sem mikilvægan þátt af almennri menntun nemenda. Að læra í gegnum leikinn er viðurkennd kennsluáferð sem oft gleymist. Að kennarar eflist í kennslu leikja og noti til þess fjölbreyttar kennsluáferðir. Lögð verður áhersla á að örva sköpunargleði og stuðla að ánægju nemenda með nýjum áherslum í námi.

Leiðir til að ná markmiði:

Verkefnisstjórar fóru á fyrirlestra til að kynna sér fræðin, hugmyndir og mögulega útfærslu á vinnu með kennurum og nemendum. Fyrirlesarar voru m.a. Kristín Karlsdóttir, Leikur sem námsleið og Jóhanna Einarsdóttir, Leikur og nám á mótum skólastiga. Fyrirlestrarnir voru góð kveikja til að byrja með og var ákveðið að fá Kristínu Karlsdóttur til að koma í skólann og hitta kennara og ræða útfærslur og hugmyndir fyrir vinnu vetrarins.

Ákveðið var að hafa fasta tíma á stundatöflu hjá 1. bekk og hjá 5 ára bekk til að tryggja það að hóparnir myndu hittast. Árgangarnir hittust milli kl. 13:00-13:50 þriðja hvern fimmtudag.

Til að hafa þetta markvisst hittust verkefnisstjórar reglulega þar sem almenn skipulagning og framkvæmd var rædd og ákveðin. Lögð voru til verkefni, leikir og áherslur fyrir hvert skipti og reynt að hafa sem fjölbreyttast. Þegar tók að vora færðu hóparnir sig út.

Unnið var með margvíslega þætti í gegnum leik eins og talnalæsi og þá t.d. unnið með form og talningu. Rýmisgreind og rökhugsun, sköpun, notuð voru alls kyns spil, leir, eininga- og kaplakubbar og ýmislegt fleira.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Helstu frávik voru tímasetningar og veðrið en þegar átti að fara út var veðrið stundum það slæmt að breyta varð skipulagi. Upphaflega átti uppskeruhátíð að vera um miðjan maí en endaði á að vera í byrjun júní sökum veðurs. Kennarar og starfsfólk voru sammála um að þessi tímasetning hafi hentað skólastarfinu mjög vel.

Helstu hindranir voru þær að kennarar eru nokkuð fastir í sínu skipulagi og að komast yfir ákveðið efni þannig að stundum upplifðum við að þeim fyndist ekki tími til að hittast með hópana.

Mat á verkefninu:

Ánægja var með verkefnið hjá kennurum og nemendum og fannst þeim sérstaklega spennandi að fá að fara í heimsóknir inn í leikskólann og leika sér með námsgögn og dót þar sem er oft annað en það sem er í skólastofunum. Nemendur leikskólans voru einnig ánægðir og spenntir að koma í skólastofur 1. bekkjar. Framkvæmdin tókst mjög vel og áhugi var mikill.

Ráðstöfun styrks:

Heildarupphæð styrks: 600.000-



Laun	400.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	30.000
Gögn o.fl.	170.000

Samtals: 600.000-

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning:

Haldin var uppskeruhátíð þar sem nemendur léku sér allir saman í hinum ýmsu leikjum og þrautum meðal annars með námsgögnum sem keypt voru sérstaklega fyrir þetta verkefni. Sköpunargáfa nemenda var styrkt með fjölbreyttum aðferðum. Vinatengsl styrktust sem og samvinna kennara milli skólastiganna.

Fyrir hönd Flataskóla, *Fanney og Sigrún*